



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 6/2014

## **Fullyrðingar á heimasíðu og í auglýsingum Thor Ice ehf.**

### **I.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst með bréfi, dags. 3. desember 2012, kvörtun Optimar Ísland ehf., yfir meintum röngum og villandi fullyrðingum í auglýsingum og óréttmætum samanburðarauglýsingum Thor Ice ehf. Í bréfinu er þess krafist að Thor Ice færi sönnur á fullyrðingarnar. Að mati Optimar Ísland brjóti viðskiptahættir Thor Ice gegn ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a. og f. liða 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Optimar Ísland hafi að undanfögnu orðið þess vart að í auglýsingum Thor Ice hafi verið að finna rangar og villandi fullyrðingar auk þess sem þar hafi verið að finna óréttmætar samanburðarauglýsingar. Nánar tiltekið sé um að ræða eftirfarandi fullyrðingar sem hafi mátt finna á heimasíðu fyrirtækisins sem og í öðru auglýsingaefni:

*„Mode Slurry Ice has changed the landscape for chilling. Since the startup in 2003, the company has gained most of the largest fisheries in Iceland and the world on it's list of customers.“*

*„[...]world-wide leader in the field of developing and manufacturing slurry ice systems [...]"*

*„A leading supplier of slurry ice machines, generators and systems [...] (flo-ice, liquid-ice, binary-ice, soft-ice, slush-ice, slurpy-ice, fluid—ice, crushed ice and pumpable ice machines and systems)“*

*„The earlier versions of Slurry Ice machines were called flo ice, binary ice, binary ice, optim-ice, sea-ice, liquid-ice, bubble ice, [...]"*

*„(Older versions of slurry ice were called flo ice, flow ice, binary ice, optimice, liquid ice, sjapis, bubble ice)“*



*„Flow-Ice or Optime-Ice competitive upgrades special price offering“*

*„The only fully certified CE-PED system [...]“*

*„[...] er Thor Ice einn fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafa fengið sinn búnað vottaðan til þess [...]“*

*„Ískrapabúnaðurinn frá Thor Ice notar vistvæna kælimiða og er fyrirtækið eitt fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafa fengið búnað sinn vottaðan til þess [...]“*

*„Ískrapastrokkar frá Jarteikn ehf. (eldra nafn Thor Ice) sem eru einu strokkarnir sem hafa fengið PED viðurkenningu og gæðavottun.“*

Með bréfi Optimar Íslands til Thor Ice, dags. 22. október 2012, hafi þess verið farið á leit að fyrrgreindar fullyrðingar á heimasíðu fyrirtækisins yrðu fjarlægðar þar sem þær væru rangar og villandi og þar með brot á lögum nr. 57/2005. Óskað hafi verið eftir viðbrögðum við þeim kröfum. Með tölvupósti Thor Ice, dags. 5. nóvember 2012, hafi kröfunum verið hafnað.

Rétt sé að geta þess að eftir að framangreint bréf hafi verið sent, hafi eftirfarandi fullyrðingum verið breytt á heimasíðu Thor Ice:

*„The company is the world leader in supplying reliable and efficient slurry ice machines, generators and complete systems for food processing and applications, where chilling is crucial [...]“*

Hafði verið breytt í: *„The company is the forefront in supplying reliable and efficient slurry ice machines, generators and complete systems for food processing and applications, where chilling is crucial [...]“*

*We have a track-record to show that we are good at it, being the leading supplier in the world and with a market share of over 80% in the North Atlantic area/region...“*

Hafði verið breytt í: *„We have a track record to show that we are good at it, being one of the leading suppliers in the world with a large share of the market in the North Atlantic region.“*

*„That is where we rate nr. 1 and has ensured us the nr. 1. status in the North Atlantic region [...]“*

Hafði verið breytt í: *„That is why we rate highly and has ensured us our current status in the North Atlantic region“*



Eftirfarandi fullyrðingar Thor Ice um stöðu fyrirtækisins á markaði séu rangar og villandi að mati Optimar Ísland og settar fram í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti:

*„[...] has gained most of the largest fisheries in Iceland and the world on it's list of customers [...]"*

*„[...]world-wide leader in the field of developing and manufacturing slurry ice systems[...]"*

*„A leading supplier of slurry ice machines, generators and systems[...]"*

Að mati Optimar Ísland gefi fullyrðingar þessar ranga mynd af aðstæðum og stöðu Thor Ice á markaði sbr. a. og f. liði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þær séu ósanngjarnar gagnvart keppinautum á markaði. Þá séu fullyrðingar um að Thor Ice sé nr. 1 eða markaðsráðandi á tilteknu sviði á ákveðnum markaði til þess fallnar að hafa áhrif á viðskipti.

Fullyrðingar Thor Ice um að fyrirtækið sé hið eina, eða eitt fárra fyrirtækja, sem hafi fengið PED viðurkenningu og gæðavottun á sinn búnað séu rangar og villandi og eingöngu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eftir vöru eða þjónustu. Gefi þær ranga mynd af stöðu fyrirtækisins á markaði og séu fullyrðingarnar ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Eftirfarandi setningar sem finna megji á heimasíðu Thor Ice séu að mati Optimar Ísland óréttmætar samanburðarauglýsingar.

*„The earlier versions of Slurry Ice machines were called flo ice, binary ice, binary ice, optim-ice, sea-ice, liquid-ice, bubble ice,[...]"*

*„(Older versions of slurry ice were called flo ice, flow ice, binary ice, optimice, liquid ice, sjapis, bubble ice)"*

*„Flow-Ice or Optime-Ice competitive upgrades special price offering"*

Að vísa til vörumerkisins annars vegar sem fyrri útgáfu og hins vegar sem eldri útgáfu sé bæði villandi og til þess fallið að kasta rýrð á vörumerki Optimar Ísland OPTIMICE og vörur og þjónustu Optimar Ísland. Vörumerkið sé auðkenni á ísvélum með heildarkerfi sem sé sífellt verið að betrumbæta og þróa. Að vísa til vörumerkisins sem eldri útfærslu að ísvélum sé því rangt og villandi.



Þá telji Optimar Ísland að Thor Ice sé að búa til óréttmæt tengsl við vörumerkið OPTIMICE þar sem vísað sé til vörumerkisins í tengslum við Slurry Ice Machines en það auðkenni hafi Thor Ice m.a. notað til auðkennis á rekstri fyrirtækisins.

Þá sé framsetning fullyrðinganna til þess fallin að villa um fyrir neytendum þar sem um gæti verið að ræða að OPTIMICE ísvélar væru ísvélar framleiddar af Thor Ice og verið sé að bjóða neytendum upp á uppfærslu frá eldri vélum í nýrri.

Að mati Optimar Ísland hafi Thor Ice með háttsemi sinni brotið gegn 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a. og f. liðum 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Optimar Ísland var sent Thor Ice til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. desember 2012. Svar Thor Ice barst með bréfi, dags. 11. janúar 2013. Þar segir að Optimar Ísland hafi fengið sett lögbann á tvo starfsmenn Jarteikns ehf. (Nú Thor Ice) í janúar 2005. Með því hafi rekstur fyrirtækisins verið stöðvaður í u.þ.b. 16 mánuði eða þar til Héraðsdómur Reykjavíkur hafi dæmt að lögbannið hefði enga stoð í raunveruleikanum. Var sá dómur staðfestur í Hæstarétti.

Þegar lögbannsbeiðnin var tekin fyrir hafi matsgerð frá Optimar Ísland m.a. verið notuð sem óháð mat á því hvort ískrapastrokkar Jarteikns væru eins og ískrapastrokkar Optimar Ísland. Fyrir dómi hafi verið fullyrt að þeir væru eins án þess að hafa nokkru sinni séð ískrapastrokk frá Jarteikni.

Það liggi fyrir að Optimar Ísland hafi ekki fengið PED vottun á ískrapastrokka sína. Enginn annar framleiðandi hafi stigið fram og kynnt að hann hafi fengið PED vottaða ískrapastrokka. Thor Ice noti þó orðalagið „einn fárra aðila“. Það orðalag útiloki ekki að aðrir hafi fengið vottunina. Ekki verði séð að það orðalag stangist á við lög.

Varðandi setninguna „*Flow-Ice or Optime-Ice competitive upgrades special price offering*“ þá sé verið að bjóða þeim sem eiga ískrapavélar frá öðrum framleiðendum að skipta út ískrapastrokkum og fá ískrapastrokka frá Thor Ice. Fjöldi fyrirtækja hafi gert það og líki vel. Enska hugtakið „*competitive upgrades*“ sé notað þegar verið sé að bjóða skipti á vörum eða íhlutum.

Megi ekki vísa til keppinauta í þessu samhengi þá sé komið í veg fyrir að Thor Ice geti auglýst þjónustu sína. Að birta lista yfir viðskiptavinum eins og gert sé á heimasíðu sé



fullkomlega viðurkennd leið og hafi verið það lengi. Það sé leið til að tryggja að væntanlegur kaupandi geti sjálfur kynnt sér kosti og galla vörunnar eða þjónustunnar.

„*The earlier versions*“ og „*older versions*“. Hér sé einfaldlega verið að vísa til þess að ískrapastrokkar og ískrapavélar Thor Ice séu nýrri í hönnun (í árum) en ískrapastrokkar annarra framleiðenda. Sótt hafi verið um einkaleyfi fyrir þá ískrapastrokka sem Optimar hafi framleitt á árinu 1993. Fyrirtækið sem hafi framleitt Flo-ice ískrapastrokka hafi orðið gjaldþrota fyrir 10 árum og einkaleyfi SunWell sé útrunnið.

Það sé staðreynd að ískrapastrokkar Thor Ice séu nýrri.

Tilgreindar séu setningar sem Optimar Ísland telji að brjóti lög. Ekki komi skýrt fram hvort þær breytingar sem hafi verið gerðar séu taldar ásættanlegar.

Fullyrðingin „*A leading supplier*“ ekki „*The leading supplier*“ grundvallist á því að Thor Ice sé eini aðilinn sem vitað sé um sem selji ískrapastrokka eina og sér og selji eingöngu vélar með eina tegund af ískrapastrokki.

Sama orðalag megi t.d. finna á heimasíðu Marel.

Thor Ice sé með PED vottaða strokka sem sé forsenda þess að hægt sé að nota ískrapastrokka með vistvænum kælimiðli eins og ammoníaki og CO<sub>2</sub>, þegar kerfi séu sett upp í landi. Thor Ice sé eini aðilinn sem hafi framleitt og selt ískrapavélar með ammoníaki í landvinnslu við Norður Atlantshaf, svo vitað sé og sé þar með í fremstu röð á því sviði.

Fullyrðingin „*has gained most of the largest fisheries in Iceland and the World on its list of customers*“ ætti ekki að særa neinn. Thor Ice sé með margar stærstu útgerðir landsins í viðskiptum og margar af stærstu útgerðum heims. Optimar Ísland geti verið í viðskiptum við sömu útgerðir og selt þeim án þess að hér sé ágreiningur. Hér sé ekki verið að gera lítið úr Optimar Ísland heldur sagt frá góðum árangri Thor Ice.

## 2.

Bréf Thor Ice var sent Optimar Ísland til umsagnar með bréfi Neytendastofu dags. 17. janúar 2013. Svar Optimar Ísland er dags. 13. febrúar 2013. Þar segir að fullyrðingum Thor Ice um að Optimar Ísland geri lítið úr PED vottunarferli Evrópusambandsins og að um misskilning eða rangtúlkun á vottunarferlinu sé að ræða af hans hálfu sé mótmælt. PED standi fyrir Pressure Equipment Directive þ.e. evrópska tilskipun um þrýstibúnað. Sú tilskipun hafi verið innleidd með reglum nr. 571/2000. Samkvæmt reglunum hvíli sú skylda á öllum framleiðendum þrýstibúnaðar, í þessu tilviki kælibúnaðar, að framkvæma innri greiningu á sinni vöru og í samræmi við skilyrðin sem sett eru í reglunum. Einn framleiðandi í Evrópu geti því ekki fullyrt í auglýsingum og fréttageinum að hann einn sé með sína vöru vottaða skv. tilskipun. Slíkar fullyrðingar séu rangar og villandi og til þess fallnar að kasta rýrð á aðra



framleiðendur sem framleiða búnað þar sem ekki sé gerð krafa um sérstaka vottun. Það að framleiðsla eins aðila kalli á ákveðna ferla, þ.á.m. vottun óháðs aðila þýði ekki að aðrir framleiðendur uppfylli ekki fyrrnefndar reglur og geti þannig ekki CE merkt sína vöru.

Thor Ice hafi ekki tekist að færa, með hlutlausum hætti, sönnur á að fyrirtækið sé leiðandi á þessu sviði viðskipta. Að bera Thor Ice saman við Marel sé fráleitt. Í frétt í Morgunblaðinu 5. maí 2012, sé fjallað um nýsköpunarverðlaun til sprotafyrirtækja. Samkvæmt greininni hafi Thor Ice hlotið viðurkenningu í 2. deild sprotafyrirtækja.

Í grein í Útvegsblaðinu frá því í október 2012, sé að finna umfjöllun þess efnis að búnaður Thor Ice noti vistvæna kælimiða og að fyrirtækið sé eitt fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafi fengið sinn búnað vottaðan til þess. Jafnframt sé vísað til þess að búnaðurinn þurfi að standast hönnunarkröfur og hljóta CE-PED vottun til þess að geta notað vistvæna kælimiða.

Þessi fullyrðing sé röng þar sem allir framleiðendur ískrapavéla á því markaðssvæði sem mál þetta varði þurfi að fylgja framangreindri Evróputilskipun og samkvæmt henni hafi framleiðendur ekki val um annað en vistvæna kælimiða.

Í fyrirsögninni „*Flow-Ice or Optim-Ice competitive upgrades special price offering*“ sé skráð vörumerki Optimar Ísland, OPTIMICE, dregið út og tilgreint sérstaklega í tengslum við það að verið sé að bjóða neytendum að skipta út búnaði og fá í stað vöru frá Thor Ice. Það sé mat Optimar Ísland að Thor Ice geti vel auglýst vörur sínar og þjónustu án þess að vísa til vörumerkis keppinautar með þessum hætti. Optimar Ísland geri ekki sérstaklega athugasemd við að birtur sé listi yfir viðskiptavini Thor Ice en að vísa til vörumerkis annars aðila með þessum hætti sé óásættanlegt og feli í sér brot gegn lögum 57/2005. Þá sé í öllum þeim tilvikum sem vísað sé til í framangreindri frétt á heimasíðu Thor Ice, um að neytendur hafi skipt út búnaði frá Optimar Ísland yfir í búnað frá Thor Ice, um að ræða gamlan búnað sem jafnvel Optimar Ísland hafi ekki framleitt sjálfur heldur Ískerfi hf. en Optimar Ísland hafi keypt rekstur þess fyrirtækis í maí 2003.

Í fréttinni sé jafnframt að finna tilvísun þar sem boðið sé upp á nefnda uppfærslu: „*This follows the success of upgrades on board vessels in recent years*“. Hér sé að finna staðhæfingu þess efnis að umræddar uppfærslur hafi verið árangursríkar í gegnum árin. Í þessu samhengi vilji Optimar Ísland koma því á framfæri að til hans hafi leitað neytendur vegna óánægju með uppfærslu Thor Ice og því rangt að halda því fram að um árangursríka uppfærslu hafi verið að ræða.

Thor Ice hafi ekki sýnt fram á að fullyrðingar þessar eigi við rök að styðjast að öðru leyti. Sé það því mat Optimar Ísland að um sé að ræða rangar og villandi upplýsingar gagnvart keppinautum þar sem verið sé að kasta rýrð á vörumerki og vöruheiti annarra aðila og þeim þannig sýnd lítilsvirðing sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 57/2005.



Vörumerki Optimar Ísland, OPTIMICE, sé auðkenni á ísvélum með heildarkerfi sem séu í sífelldri þróun. Optimar Ísland hafi boðið upp á ýmsar nýjungar í vörum sínum síðastliðinn áratug og því sé rangt að vélar Thor Ice séu nýrri hönnun í árum talið. Engar upplýsingar liggi fyrir í málinu því til stuðnings að vörur Thor Ice séu nýrri en annarra aðila.

Það sé mat Optimar Ísland að Thor Ice hafi með háttsemi sinni á markaði brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, sbr. ákvæði 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a. og f. lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og 15. gr.

### 3.

Bréf Optimar Ísland var sent Thor Ice til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. febrúar 2013. Svar fyrirtækisins er dags. 12. mars 2013. Þar segir m.a. að mikilvægt sé að skoða niðurstöðu Hæstaréttardómsins í lögbanasmáli aðilanna. Optimar Ísland hafi stöðvað starfsemi keppinautar í 16 mánuði með ásökunum sem ekki hafi verið fótur fyrir. Mál Optimar Ísland á hendur Thor Ice einkennist af því að ekki megi segja frá góðum árangri eða vörum Thor Ice því þá sé um leið verið að gera lítið úr Optimar Ísland. Margar athugasemdir Optimar Ísland snúi að atriðum sem vafi sé á að snerti Optimar Ísland, þ.e.a.s. að Optimar Ísland sé aðili að málinu og að textinn eigi við vörur sem séu í samkeppni við Thor Ice. Þessi atriði séu mjög óskýr í málinu. Ekki hafi verið dregið fram hvar vörur fyrirtækjanna skarist og sé Optimar Ísland með takmarkað vöruúrval miðað við Thor Ice og á mun þrengra sviði. Optimar Ísland hafi tekið að sér að gera athugasemdir fyrir hönd annarra vörumerkja og fyrirtækja sem sum hver séu ekki lengur til.

Athugasemdir hafi verið gerðar við eldra kynningarefni Thor Ice sem ekki hafi verið í notkun í mörg ár og verði því efni ekki breytt eftir á.

Thor Ice geti ekki borið ábyrgð á blaðagreinum eða því hvað önnur fyrirtæki eins og Kæling skrifi um sínar vörur sem séu með Thor Ice ískrapastrokka.

Margar athugasemdir sem finna megi í málinu hafi orðið til þess að bæta heimasíðu og kynningarefni Thor Ice og skerpa þær áherslur sem fyrirtækið hafi í umhverfismálum. Umræðan hafi orðið til þess að draga fram í dagsljósið hversu miklu máli skipti að huga að umhverfi sínu og leggja áherslu á náttúruvernd. Texta og lýsingum hafi og verið breytt til þess að skýra umhverfishugsun og stefnu Thor Ice enn frekar. Texta og lýsingum hafi verið og verði breytt til þess að skýra umhverfishugsun og stefnu Thor Ice enn frekar. Fyrirtækið hafi fjárfest fyrir tugi milljóna í hönnun og þróun á umhverfisvænum vélum og hafi fullan rétt á að það komi skýrt fram í öllu kynningarefni.

Thor Ice vilji virða það að ekki megi nota hástíga án þess að geta sýnt fram á það með tölum. Erfitt sé að sanna stærð á markaði og sölu, sérstaklega þar sem Thor Ice og Optimar Ísland séu að selja ólíkar vörur á ólíkan hátt. Fyrirtækið standi við fullyrðingar um stærð en geti ekki sannað þær allar með beinum hætti. Því teljist „a leading“ rétt orðalag.





Jafnvel þó að Thor Ice geti eitt fyrirtækja státað af vottuðum ískrapastrokum þá hafi öllum texta verið breytt í „*one of few*“. Jafnframt hafi verið skerpt á orðalaginu „*by a notified body*“ til þess að leggja áherslu á þennan mikilvæga þátt.

Á sama hátt hafi texta verið breytt frá „*the leading*“ í „*a leading*“ þrátt fyrir þá staðreynd að Thor Ice hafi sérstöðu hvað varði stærðir véla og stærðir ískrapastrokka (5 stærðir hjá Thor Ice en ein stærð hjá Optimar Ísland). Þá selji Thor Ice ískrapastrokka sem sjálfstæða vöru sem Optimar Ísland geri ekki.

Það sé eðlilegt að draga fram nákvæmlega á hvaða sviðum Thor Ice sé leiðandi og sé unnið að því að breyta heimasíðunni á þann hátt. Settir verði upp vöruflokkar þar sem Thor Ice sé eitt um að bjóða vörur eða hafi afgerandi sérstöðu.

Það sé ekki hlutverk Thor Ice að skýra PED vottunarferlið fyrir Neytendastofu og ekki standi til að eyða kröftum í að leiðrétta þann útútsnúning sem lýst sé í bréfi Optimar Ísland. Þar sé verið að ræða um allt annað en vottun á vöru. Það að setja CE merki á vélbúnað sé ekki það sama og að vera með vöru sem sé vottuð af „*notified body*“.

Thor Ice sé í fullum rétti að lýsa eiginleikum vörunnar og vottunum sem strokkar og vélar fyrirtækisins hafi fengið. Gerður sé greinarmunur á því ef vara sé „*certified*“ af „*notified body*“ og hafi þannig staðist ströngustu kröfur og því að vara sé CE merkt af framkvæmdastjóra félags eftir 12 klst. námskeið. Ískrapastrokkar Thor Ice séu vottaðir af „*notified body*“. Um þetta gildi einfaldlega skilgreiningar og reglugerðir sem séu sannarlega ekki tilbúningur Thor Ice. Bætt hafi verið við texta á heimasíðu Thor Ice þar sem lögð sé áhersla á þetta. Þessu verði jafnframt breytt í öðru kynningarefni Thor Ice til þess að leggja áherslu á kosti þess að vera með slíkan búnað.

Ískrapastrokkar Thor Ice séu vottaðir af „*notified body*“ að undangenginni hönnun og útreikningi á hönnun. Framleiðslueftirlit, efnisvottun, suðuvottun o.fl. þurfi að vera í samæmi við kröfur PED og sé eftirlit í höndum „*notified body*“. Thor Ice viti ekki um annað fyrirtæki sem sé með ískrapastrokka sem séu vottaðir á þennan hátt. Að tilgreina slíkt geti varla talist gera lítið úr öðrum. Öll samkeppni gangi út á að aðgreina fyrirtæki með sérstöðu þeirra og þar með því sem þeir hafi en aðrir ekki. Þessu hljóti Optimar Ísland að vera sammála. Það fylgi því talsverður kostnaður að framleiða ískrapastrokka á þennan hátt auk kostnaðar við það að öðlast þessa vottun. Optimar Ísland hafi ekki lagt í þennan kostnað eða hafi ekki tæknilega getu til þess að klára vottunarferlið. Það eigi ekki að þýða að Thor Ice megi ekki segja frá ágæti eigin vöru.

Hægt sé að breyta texta til þess að tryggja að þetta komist til skila og hafi það verið gert á heimasíðu félagsins. Hvergi sé fullyrt að aðrir aðilar séu ekki með CE merkingu á sinni vöru.





Það sé fullyrt í texta „*one of the few*“ til þess að ekki verði gengið á hlut annarra óþekkra framleiðenda sem hafi hugsanlega fengið vottun.

Þeir sem séu með ISO 9000 vottun o.fl. megi segja frá því án þess að verið sé að kasta rýrð á aðra framleiðendur. Til hvers væru fyrirtæki annars að sækja sér vottun? Hver væri markaðslegur ávinningur af slíkri vottun ef ekki mætti segja frá vottuninni?

Notaður sé texti „*a leading provider*“ en ekki „*the leading provider*“ á heimasíðu fyrirtækisins. Með því sé ekki verið að kasta rýrð á neinn. Það geti verið margir „*leading*“ og á mörgum sviðum. Thor Ice sé sérhæft í ískrapastrokkum og ískrapavélum og sé eina fyrirtækið svo vitað sé sem framleiði og selji litlar vélar. Fyrirtækið sé eitt af fáum fyrirtækjum, ef ekki hið eina sem bjóði og hafi unnið að ískrapastrokkum sem sjálfstæðri vöru, PED vottuðum ískrapastrokkum sem séu vottaðir af „*notified body*“, stórum lausnum í ammoníak sem hafi verið þróaðar með jector tækni sem teljist vera nýjung. Ekki sé vitað um aðra sem geri framangreint.

Með vistvænum kælimiðlum sé átt við CO<sub>2</sub> og ammoníak. Optimar Ísland fullyrði að fyrirtækið noti vistvæna kælimiðla og sé þar að líkindum vísað í notkun á R404A. Staðreyndin sé hins vegar sú að R404A hafi 3900 sinnum meiri neikvæð áhrif sem gróðurhúsalofttegund heldur en CO<sub>2</sub>.

Texta á heimsíðu Thor Ice verði breytt þar sem tekið verði fram hvað átt sé við með vistvænum kælimiðli.

Thor Ice hafi hætt að bjóða „*competitive upgrade*“ á vörur annarra. Það hafi verið tímabundið átak sem hafi skilað miklum árangri víða um heim. Texti varðandi þetta atriði hefur verið tekinn út af heimasíðu fyrirtækisins.

Thor Ice hafi tekið út allar vísanir í Optim-ice og Optimar Ísland úr sínum texta.

#### 4.

Bréf Thor Ice var sent Optimar Ísland til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. mars 2013. Svar Optimar Ísland er dags. 5. apríl 2013. Þar er til þess vísað að í greinargerð fyrirtækisins til Neytendastofu, dags. 13. febrúar 2013, segi að forsaga sú sem rakin sé í bréfi Thor Ice sé einhliða frásögn fyrirtækisins á óskyldri deilu sem eigi ekkert erindi í þetta mál. Í seinna bréfi Thor Ice sé enn vísað í forsöguna sem ekki eigi erindi í málið og sé því rétt að koma athugasemdum á framfæri hvað það varði.

Það að dómur Hæstaréttar í máli nr. 101/2008 hafi verið Optimar Ísland í óhag gefi ekki tilefni til að álykta að kvörtunin til Neytendastofu sé tilefnislaus. Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að stefndu hefðu ekki nýtt sér atvinnuleyndarmál við gerð ísstrokka, liggur fyrir yfirmatsgerð sérfróðra matsmanna sem staðfesti hið gagnkvæma.



Matsgerðin hafi þótt of seint fram komin og hafi því ekki verið hægt að taka tillit til hennar við úrlausn málsins í Hæstarétti.

Í nefndri yfirmatsgerð sé staðfest að vörur Optimar Ísland og Thor Ice séu sambærilegar vörur í öllum þeim atriðum sem talin séu upp og skipti máli varðandi notkun þeirra. Þá hafi matsmenn talið mjög ólíklegt að matsþolar hefðu þróað ísstrokka T1 – T4 á þeim tíma sem tekinn sé fram í þeim skilningi að ísstrokkarnir séu fullbúin framleiðsluvara tilbúin til sölu á markaði. Fullyrðingar Thor Ice um að vörur aðila séu ekki sambærilegar séu því rangar. Ísvélar beggja aðila séu ætlaðar fyrir nákvæmlega sömu notkun og sama viðskiptahóp þó svo um mismunandi stærðarflokka geti verið að ræða. Aðilar séu því í samkeppnisrekstri.

Ítrekað sé að það að framleiðsla eins aðila kalli á aðkomu vottunaraðila (*notfied body*) þá sé það í samræmi við þær reglur sem PED reglugerðin marki. Framleiðsla á þeim vörum sem Thor Ice sé sérhæft í, kalli hins vegar ekki á slíka aðkomu vottunaraðila. Það að fullyrða að fyrirtækið hafi yfirburði fram yfir aðra aðila á markaði vegna þessarar vottunar sé því villandi. Gerðar séu athugasemdir við að notað sé orðalag í markaðssetningu eins og „*only*“ og „*one of few*“.

Thor Ice hafi ekki fært fyrir því neinar sannanir að fyrirtækið sé leiðandi. Fjölmarginir aðilar víðs vegar um heiminn bjóði upp á meira og minna allt það sem talið sé upp í bréfi Thor Ice. Sem dæmi megi nefna fyrirtæki eins og PAM Refrigeration í Noregi og Suður Afríku, Finsam í Noregi, FrioNordica í Noregi, BUUS Refrigeration í Danmörku o.fl.

Optimar Ísland vilji vekja athygli á því að megnið af þeim búnaði sem Thor Ice hafi selt og fengið smíðað hjá Kælingu sé búnaður sem keyri á R-404. Smávélararnar sem fyrirtækið framleiði keyri allar á R-404. Þeir kælimiðlar sem séu í notkun í dag séu ekki fullkomnir en þeir séu afrakstur þróunar sem varð þegar eldri ósoneyðandi miðlar voru að hluta til bannaðir. Notkun á ammoníaki (R-717) og kolsýru (CO<sub>2</sub>) í kæli og frystibúnaði sé því ekki ný af nálinni. Optimar Ísland eigi áratuga sögu að baki í notkun á ammoníaki í fjölmörgum frystikerfum fiskiskipa og frystihúsa hér á landi. Sumar ísvélar Optimar Ísland noti ammoníak og hafi gert í um 10 ár. Það sé því rangt og villandi af Thor Ice að halda því fram að fyrirtækið sé eitt á báti með eitthvað nýtt í þessum efnum.

Þá sé það villandi að tala um ammoníak eða kolsýru sem vistvæna kælimiðla þar sem um sé að ræða efni sem sé baneitrað fólki og geti í litlu magni valdið sprengingu.

Í greinargerð Thor Ice sé því ranglega haldið fram að búið sé að fjarlægja allar tilvísanir á heimasíðu til vörumerkis Optimar Ísland. Megi benda á að sé farið inn í „*On board solutions*“ á heimasíðu Thor Ice sé síðunni beint að mode.is og þar neðst sé vísað til „*Passport*“ og undir t.d. „*Updating older machines*“ megi finna tilvísun í vörumerki Optimar Ísland „*Optim-Ice*“



Samkvæmt framansögðu og því sem fram hafi komið í fyrri greinargerðum sé það mat Optimar Ísland að Thor Ice hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 sbr. ákvæði 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a. og f. lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og 15. gr.

## 5.

Bréf Optimar Ísland var sent Thor Ice til umsagnar með bréfi Neytendastofu dags. 23. apríl 2013. Ekkert svar barst innan tilskilins frests. Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. maí 2013, stóð til að tilkynna málsaðilum að gagnaöflun væri lokið og átti gagnaskrá að fylgja bréfinu. Fyrir mistök var slíkt bréf ekki sent Thor Ice.

Með bréfi Thor Ice til Neytendastofu, dags. 7. ágúst 2013, voru gerðar athugasemdir við bréf Optimar Ísland til Neytendastofu, dags. 23. apríl 2013.

Þar segir m.a. að framsetning bréfs Optimar Ísland sé með þeim hætti að ekki komi fram yfir hverju sé verið að kvarta. Tilvísanir séu gerðar í lagagreinar en ekki sé ljóst hvert eiginlegt brot sé. Vísað sé í orðalag á ensku þar sem augljóslega sé reynt að misskilja og mistúlka texta, farið sé í tæknileg atriði sem ekki standist og dregin séu fram fyrirtæki sem séu óskyld Optimar Ísland. Thor Ice sé fyrirtæki sem sé sífellt að koma með nýjar vörur og breyti markaðsefni og heimasíðu. Á fyrstu árum fyrirtækisins hafi stór hluti veltunnar verið fólgin í því að skipta út ískrapastrokkum frá keppinautum fyrirtækisins. Því verkefni sé lokið og aðrar áherslur verið lagðar. Í dag sé stærsti hluti sölunnar á ískrapavélum sem aðrir bjóði ekki.

Optimar Ísland hafi ekki lagt fram gögn sem sýni að fyrirtækið hafi sömu PED vottanir á ískrapastrokkum og Thor Ice eða að þeir hafi sama vöruúrval. Ekki dugi að fullyrða um slíkt. Gera verði þá lágmarkskröfu að sá sem kvarti geti lagt fram gögn sem styðji fullyrðingar hans. Vísað sé í tæknileg atrið varðandi vörur fyrirtækisins og vörur annarra framleiðenda og sé framsetning með þeim hætti að ekki sé hægt að skilja tilganginn með því. Þarf ekki að liggja fyrir að Thor Ice sé ekki meðal leiðandi fyrirtækja á þessu sviði, að vöruúrval Thor Ice sé ekki meira en annarra eða að Thor Ice sé ekki eitt fárra fyrirtækja sem bjóði upp á umhverfisvæna kælimiðla? Skoðun Optimar Ísland á því hvað sé umhverfisvænn kælimiðill gangi í berhögg við það sem gangi og gerist á þessu sviði.

## 6.

Með bréfum Neytendastofu, dags. 15. ágúst 2013, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og fylgdi gagnaskrá bréfinu. Með bréfi Neytendastofu til Optimar Ísland fylgdi til upplýsinga bréf Thor Ice, dags. 7. ágúst 2013.



### III.

#### Niðurstaða

##### 1.

Mál þetta varðar kvörtun Optimar Ísland ehf. yfir meintum röngum og villandi fullyrðingum í auglýsingum og á heimasíðu Thor Ice ehf. og vegna óréttmætra samanburðarauglýsinga Thor Ice. Er þess krafist að Thor Ice færi sönnur á fullyrðingarnar. Optimar Ísland hafi að undanfögnu orðið þess vart að í auglýsingum Thor Ice hafi verið að finna rangar og villandi fullyrðingar auk þess sem þar hafi verið að finna óréttmætar samanburðarauglýsingar. Eru fullyrðingarnar tíundaðar í kvörtuninni. Að mati Optimar Ísland brjóta viðskiptahættir Thor Ice gegn ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a. og f. lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Thor Ice hafnar því að auglýsingarnar og upplýsingar á heimasíðu félagsins varði við lög og færir rök fyrir fullyrðingum fyrirtækisins og vísar jafnframt til þess að ýmsum fullyrðinganna hafi verið breytt og sumar teknar út af heimasíðu.

##### 2.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í erindinu er m.a. vísað til 8. gr. og a. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna.

8. gr. tekur til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti og í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur.

Að mati Neytendastofu er þeim fullyrðingum Thor Ice sem kvartað er yfir ekki ætlað að hafa áhrif á neytendur í skilningi laga nr. 57/2005, sbr. 3. tl. 3. gr. laganna, heldur á væntanlega viðskiptavini fyrirtækisins sem í flestum tilfellum eru önnur fyrirtæki. Af þeim sökum eiga framangreindar lagagreinar ekki við í máli þessu og munu því þær fullyrðingar þar sem vísað er til þeirra lagagreina ekki fá frekari umfjöllun í máli þessu.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

*„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“*



Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyri þar undir. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 107/2000, þar sem ákvæðið kom fyrst fram í lögum, segir t.d. að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara hans eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð og falli því undir ákvæði laganna. Með gildistöku laga nr. 50/2008 var bætt við nýrri málsgrein og á ákvæðið nú einnig við aðrar svipaðar viðskiptaaðferðir og auglýsingar. Upplýsingar sem fram koma t.d. á vefsíðum fyrirtækja falla því einnig undir ákvæði 15. gr. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum nánari skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr. Í erindi Optimar Ísland var ekki vísað til sérstakra staflíða en Neytendastofa telur ákvæði a. liðar geta átt við um erindið. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:*

*a. þær séu ekki villandi”*

### 3.

Í erindi Optimar Ísland eru tiltekna fullyrðingar Thor Ice sem fram komu í auglýsingum fyrirtækisins og á heimasíðu þess áður en erindið barst Neytendastofu og hafði verið breytt af hálfu Thor Ice í framhaldi af bréfi Optimar Ísland til Thor Ice, dags. 22. október 2012. Að mati Neytendastofu er ekki ástæða til að fjalla um þær fullyrðingar sem gerðar voru breytingar á áður en erindi Optimar Ísland barst Neytendastofu.

Hér á eftir verða tilgreindar þær fullyrðingar sem erindið snýr að og höfðu ekki verið gerðar breytingar á áður en erindið barst Neytendastofu:



*„Mode Slurry Ice has changed the landscape for chilling. Since the startup in 2003, the company has gained most of the largest fisheries in Iceland and the world on it's list of customers“*

Að mati Optimar Ísland er hér um ranga og villandi fullyrðingu að ræða sem gefur ranga mynd af aðstæðum og stöðu Thor Ice á markaði og jafnframt sé hér á ferðinni óréttmætur samanburður við keppinauta.

Fram kemur í gögnum málsins að Thor Ice telji að fullyrðingin standist. Thor Ice hafi frá árinu 2003 náð viðskiptum við margar stærstu útgerðir landsins og margar af stærstu útgerðum heims. Optimar Ísland geti verið í viðskiptum við sömu útgerðir og selt þeim án þess að um það sé ágreiningur. Hér sé ekki verið að gera lítið úr Optimar Ísland, heldur verið að segja frá góðum árangri Thor Ice.

Að mati Neytendastofu gefur framangreind fullyrðing ekki með villandi hætti til kynna að markaðsaðstæður séu aðrar en þær raunverulega eru og felur þannig ekki í sér brot á 4. mgr. 6. gr., 14. gr., a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Af hálfu Thor Ice voru lögð fram gögn til stuðnings fullyrðingunni, sem einnig er að finna á heimasíðu Thor Ice, og Neytendastofa telur sýna fram á réttmæti fullyrðingarinnar.

*„[...] world-wide leader in the field of developing and manufacturing slurry ice systems [...]"*

*„A leading supplier of slurry ice machines, generators and systems [...] (flo-ice, liquid-ice, binary-ice, soft-ice, slush-ice, slurpy-ice, fluid—ice, crushed ice and pumpable ice machines and systems)"*

*„The company is the forefront in supplying reliable and efficient slurry ice machines, generators and complete systems for food processing and applications, where chilling is crucial [...]"*

*„We have a track record to show that we are good at it, being one of the leading suppliers in the world with a large share of the market in the North Atlantic region. “*

*„That is why we rate highly and has ensured us our current status in the North Atlantic region“*

Að mati Optimar Ísland eru fullyrðingar um að Thor Ice sé markaðsráðandi á tilteknu sviði á ákveðnum markaði villandi og til þess fallnar að hafa áhrif á viðskipti.



Í gögnum málsins kemur fram að þessar fullyrðingar Thor Ice grundvallast á því að fyrirtækinu sé ekki kunnugt um önnur fyrirtæki sem selji ískrapastrokka eina og sér og selji eingöngu vélar með eina tegund af ískrapastrokki.

Thor Ice hefur ekki lagt fram gögn til stuðnings því að fyrirtækið hafi yfirburði yfir aðra á markaði eins og fullyrðingarnar gefa til kynna. Þó fullyrðingarnar kveði ekki á um að Thor Ice sé fremst á sínu sviði hvílir skylda á fyrirtækjum til að færa sönnur á allar fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Neytendastofa telur fullyrðingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þeirra vara sem Thor Ice hefur til sölu og fela í sér óbeinan samanburð við keppinauta. Að mati Neytendastofu eru fullyrðingar þessar ekki nægilega rökstuddar og ekki hafa verið lagðar fram fullnægjandi sönnur fyrir þeim. Fullyrðingarnar eru því til þess fallnar að vera villandi og brjóta gegn 4. mgr. 6. gr., 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

*„The earlier versions of Slurry Ice machines were called flo ice, binary ice, binary ice, optim-ice, sea-ice, liquid-ice, bubble ice, [...]“*

*„(Older versions of slurry ice were called flo ice, flow ice, binary ice, optimice, liquid ice, sjapis, bubble ice)“*

Að mati Optimar Ísland eru framangreindar setningar óréttmætar samanburðarauglýsingar. Þá sé vísað til vörumerkis Optimar Ísland, („optim-ice“) annars vegar sem fyrri útgáfu og hins vegar sem eldri útgáfu. Báðar fullyrðingarnar séu villandi og til þess fallnar að kasta rýrð á vörumerki Optimar Ísland OPTIMICE og vöru og þjónustu Optimar Ísland. Vörumerkið sé auðkenni á ísvélum með heildarkerfi sem sé sífellt verið að betrubæta og þróa. Að vísa til vörumerkisins sem eldri útfærslu að ísvélum sé því rangt og villandi.

Þá telji Optimar Ísland að Thor Ice sé að búa til óréttmæt tengsl við vörumerkið OPTIMICE þar sem vísað sé til vörumerkisins í tengslum við Slurry Ice Machines en það auðkenni hafi Thor Ice m.a. notað til auðkennis á rekstri fyrirtækisins.

Þá sé framsetning fullyrðinganna til þess fallin að villa um fyrir neytendum þar sem um gæti verið að ræða að OPTIMICE ísvélar væru ísvélar framleiddar af Thor Ice og verið sé að bjóða neytendum upp á uppfærslu á eldri vélum í nýrri.

Thor Ice heldur því fram að hér sé einfaldlega verið að vísa til þess að ískrapastrokkar og ískrapavélar Thor Ice séu nýrri í hönnun (í árum) en ískrapastrokkar annarra framleiðenda. Sótt hafi verið um einkaleyfi fyrir þá ískrapastrokka sem Optimar Ísland hafi framleitt á árinu 1993. Fyrirtækið sem hafi framleitt Flo-ice ískrapastrokka hafi orðið gjaldþrota fyrir 10 árum og einkaleyfi SunWell sé útrunnið. Það sé staðreynd að ískrapastrokkar Thor Ice séu nýrri.





Neytendastofa fær ekki séð að af framangreindum fullyrðingum sé verið að reyna að skapa tengingu milli ískrapavéla Thor Ice og annarra ískrapavéla. En að mati Neytendastofu verður ekki annað ráðið af framangreindum fullyrðingum Thor Ice en að þær tegundir ískrapavéla sem þar eru upptaldar, þ.m.t. OPTIMICE sem er vörumerki Optimar Ísland, séu eldri útgáfur og þar af leiðandi ekki eins fullkomnar og ískrapavélar Thor Ice. Að mati Neytendastofu eru fullyrðingar þessar ekki nægilega rökstuddar og því ósannaðar. Neytendastofa telur fullyrðingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þeirra vara sem Thor Ice hefur til sölu. Þá fela fullyrðingarnar í sér óbeinan samanburð við keppinauta og eru því til þess fallnar að vera villandi. Fullyrðingarnar eru því brot á 4. mgr. 6. gr., 14. gr., a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

*„Flow-Ice or Optime-Ice competitive upgrades special price offering“*

Að mati Optimar Ísland er í fullyrðingunni skráð vörumerki Optimar Ísland, OPTIMICE, dregið út og tilgreint sérstaklega í tengslum við það að verið sé að bjóða neytendum að skipta út búnaði og fá í stað vöru frá Thor Ice. Fyrirtækið geti vel auglýst vörur sínar og þjónustu án þess að vísa til vörumerkis keppinautar með þessum hætti.

Í gögnum málsins kemur fram að Thor Ice sé með þessu að bjóða þeim sem eiga ískrapavélar frá öðrum framleiðendum að skipta þeim út og fá ískrapastrokka frá Thor Ice. Fjöldi fyrirtækja hafi gert það og líki vel. Enska hugtakið „competitive upgrades“ sé notað þegar verið sé að bjóða skipti á vörum eða íhlutum.

Neytendastofa telur að með því að bjóða skipti á vörum eða íhlutum á sérstaklega tilteknum ískrapastrokkum keppinauta eins og ískrapastrokkum Optimar Ísland, OPTIMICE, sé verið að upphefja vöru Thor Ice á kostnað keppinauta án þess að fyrir því séu færð rök. Fullyrðingin er til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn þeirra vara sem Thor Ice hefur til sölu. Þá felur fullyrðingin í sér óbeinan samanburð við keppinauta og er því til þess fallin að vera villandi. Fullyrðingin brýtur því gegn 4. mgr. 6. gr., 14. gr., a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

*„[...] one of few fully certified CE-PED system [...]“*

*„[...] er Thor Ice einn fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafa fengið sinn búnað vottaðan til þess [...]“*

*„Ískrapabúnaðurinn frá Thor Ice notar vistvæna kælimiðla og er fyrirtækið eitt fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafa fengið búnað sinn vottaðan til þess [...]“*

*„Ískrapastrokkar frá Jarteikn ehf. (eldra nafn Thor Ice) sem eru einu strokkarnir sem hafa fengið PED viðurkenningu og gæðavottun.“*



Fullyrðingar Thor Ice hér að framan hníga allar að því að fyrirtækið sé hið eina eða eitt fárra fyrirtækja sem hafi fengið PED viðurkenningu og gæðavottun. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Neytendastofa hefur aflað stendur PED vottun fyrir evrópska tilskipun um þrýstibúnað sem hafi verið innleidd hér á landi með reglum nr. 571/2000.

Samkvæmt reglunum hvílir sú skylda á öllum framleiðendum þrýstibúnaðar, í þessu tilviki kælibúnaðar, að framkvæma innri greiningu á vöru sinni og tryggja að hún sé í í samræmi við skilyrðin sem sett eru í reglunum og bera CE-merki því til staðfestingar. Í skýringum Thor Ice kemur fram að enginn annar framleiðandi hafi stigið fram og kynnt að hann hafi fengið PED vottaða ískrapastokka. Neytendastofa telur það ekki fullnægjandi sönnur fyrir fullyrðingunni. Ganga verður út frá því að reglunum sé fylgt alls staðar á hinu evrópska efnahagssvæði. Þrátt fyrir að fyrirtæki geti kynnt vörur sínar með þeim hætti að þær hafi fengið tiltekna vottanir eða viðurkenningar er að mati Neytendastofu ljóst að Thor Ice getur ekki fullyrt að fyrirtækið sé hið eina eða eitt fárra fyrirtækja með PED vottun án þess að leggja fram gögn því til stuðnings. Slíkar fullyrðingar eru til þess fallnar að vera rangar og villandi og að kasta rýrð á aðra framleiðendur. Vörur sem falla undir samræmingarlöggjöf ESB eru undir markaðseftirliti lögbætta stjórnvalda og eðlilegt að þeim sé tilkynnt um vörur sem ekki uppfylla kröfur laga og reglna settra samkvæmt þeim. Eðlilegt er að mati Neytendastofu að slíkum fullyrðingum sé því beint til lögbærra stjórnvalda sem fara með eftirlit á vörum sem falla undir PED vottun samkvæmt gildandi reglum sem innleiddar hafa verið hér á landi.

Að öllu framansögðu virtu eru fullyrðingarnar því til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þeirra vara sem Thor Ice hefur til sölu. Þá fela fullyrðingarnar í sér óbeinan samanburð við keppinauta og eru því til þess fallnar að vera villandi. Fullyrðingarnar eru því brot á 4. mgr. 6. gr., 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

#### IV.

##### Ákvörðunarorð:

**„Thor Ice ehf., Búlandi 4, 108 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 14. gr., a. liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með eftirfarandi fullyrðingum í auglýsingum og á heimasíðu:**

*„[...] world-wide leader in the field of developing and manufacturing slurry ice systems [...]“*

*„A leading supplier of slurry ice machines, generators and systems [...] (flo-ice, liquid-ice, binary-ice, soft-ice, slush-ice, slurpy-ice, fluid—ice, crushed ice and pumpable ice machines and systems)“*



*„The company is the forefront in supplying reliable and efficient slurry ice machines, generators and complete systems for food processing and applications, where chilling is crucial [...]“*

*„We have a track record to show that we are good at it, being one of the leading suppliers in the world with a large share of the market in the North Atlantic region.“*

*„That is why we rate highly and has ensured us our current status in the North Atlantic region“*

*„The earlier versions of Slurry Ice machines were called flo ice, binary ice, binary ice, optim-ice, sea-ice, liquid-ice, bubble ice, [...]“*

*„(Older versions of slurry ice were called flo ice, flow ice, binary ice, optimice, liquid ice, sjapis, bubble ice)“*

*„Flow-Ice or Optime-Ice competitive upgrades special price offering“*

*„[...] one of few fully certified CE-PED system [...]“*

*„[...] er Thor Ice einn fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafa fengið sinn búnað vottaðan til þess [...]“*

*„Ískrapabúnaðurinn frá Thor Ice notar vistvæna kælimiðla og er fyrirtækið eitt fárra framleiðenda ískrapavéla sem hafa fengið búnað sinn vottaðan til þess [...]“*

*„Ískrapastrokkar frá Jarteikn ehf. (eldra nafn Thor Ice) sem eru einu strokkarnir sem hafa fengið PED viðurkenningu og gæðavottun.“*

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Thor Ice ehf. bannað að birta ofangreindar fullyrðingar. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 14. febrúar 2014

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir